



6. desember 2023

Samantekt um umsagnir og breytingatillögur

Efni

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.).

Þingskjal 509 – 468. mál á 154. löggjafarþingi 2023–2024.

Fjöldi umsagna

37.

Umsagnaraðilar

64° Reykjavík Distillery ehf., AECO – Samtök leiðangursskipa á norðurlóðum, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bandalag háskólamanna, BSRB, Cruise Iceland, Deloitte legal ehf., Embætti landlæknis, Farfuglar ses., Ferðapjónustan Álfheimar ehf., Félag atvinnurekenda, Fjallabyggðahafnir, FRÍSK – Félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði, Fyrirtæki í hótél- og gistiþjónustu, Gára ehf., Hafnasamlag Norðurlands og Akureyrarbær, Hamrar – útilífsmiðstöð skáta á Akureyri, Hótel Ísafjörður hf., Húnaþing vestra, Iceland Travel ehf., Ísafjarðarbær, KPMG ehf., McRent Iceland ehf., Múlaþing, Samtök atvinnulífsins, Samtök íslenskra handverksbrugghúsa, Samtök sjálfstæðra skóla, Samtök sveitafélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra SSNE, Sjávarborg ehf., Skatturinn, Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Hornafjörður, Sveitarfélagið Skagafjörður, Viking Cruises.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Eftirfarandi eru svör fjármála- og efnahagsráðuneytisins við þeim athugasemdum sem tilefni þykir til að bregðast við.

1. Gistináttaskattur

Umsögn Skattsins

Í umsögn Skattsins eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum frumvarpsins sem fjalla um gistináttaskatt.

Í fyrsta lagi leggur Skatturinn til að bætt verði tilvísun til skemmtiferðaskipa í skilgreiningu á gistináttaeiningu í 1. mgr. c. liðar 1. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið tekur undir tillögu Skattsins og telur hana vera til bóta. Ráðuneytið leggur því til við efnahags- og viðskiptanefnd að 1. mgr. c. liðar 1. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi (breytingin er feitletruð og texti sem fellur brott er yfirstrikaður):

Með gistináttaeiningu er átt við leigu á gistaðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt.

Með gistaðstöðu er átt við húsnæði, **svæði eða svefnaðstöðu, þ.á m. um borð í skemmtiferðaskipi eða svæði** sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar.

Í öðru lagi leggur Skatturinn til breytingar á orðalagi 1. málsl. 2. gr. frumvarpsins þannig að í stað þess að segja að ekki skuli greiða gistináttaskatt skuli segja að ekki skuli innheimta gistináttaskatt. Ráðuneytið tekur undir tillögu Skattsins og telur hana vera til bóta. Ráðuneytið leggur því til við efnahags- og viðskiptanefnd að 1. másl. 2. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi (breytingin er feitletruð og texti sem fellur brott er yfirstrikaður):

Ekki skal **innheimtagreiða** gistináttaskatt í eftirfarandi tilvikum:

Í þriðja lagi leggur Skatturinn til að texta verði bætt við a-lið 2. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið tekur undir tillögu Skattsins og telur hana vera til bóta. Ráðuneytið leggur því til við efnahags- og viðskiptanefnd að a-liður 2. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi (breytingin er feitletruð):

við sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, **sbr. þó 2.**

mgr. 4. gr.

Í fjórða lagi leggur Skatturinn til breytingar á 3., 4. og 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið tekur undir orð Skattsins um að mikilvægt sé að lagatextinn taki með óyggjandi hætti á því við hvaða gjalddaga beri að miða í tilvikum rekstraraðila skemmtiferðaskipa sem tilgreind eru í 4. mgr. þ.e. þeirra sem ekki eru notuð í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt. Að mati ráðuneytisins er þó hægt að ná sama markmiði með því að bæta tilvísun til 4. mgr. í 1. máls. 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið leggur því til við efnahags- og viðskiptanefnd að 1. másl. 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi (breytingin er feitletruð):

Eigi síðar en á gjalddaga skv. 3. **og 4.** mgr. skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila Skattinum skýrslu um fjölda seldra gistinátta á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs.

Í fimmta lagi leggur Skatturinn til að 6. gr. frumvarpsins verði felld brott þar sem eftirlit með framkvæmd ákvæðisins gæti reynst flókið. Ráðuneytið tekur ekki undir sjónarmið Skattsins. Í reynd er með 6. gr. frumvarpsins eingöngu verið að áréttta þá meginreglu í 1. mgr. 13. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um að gefa skuli út sölureikning þegar þjónusta er innt af hendi. Í 2. mgr. 13. gr. laganna er að finna undanþágu frá meginreglunni í 1. mgr. Þar er kveðið á um að heimilt sé að gefa út reikning fyrir afhendingu. Sé reikningur gefinn út fyrir afhendingu telst afhendingin samkvæmt lögum þá hafa farið fram á útgáfudegi reikningsins. Með 6. gr. frumvarpsins er verið að áréttta framangreint, um að ekki beri að greiða gistináttaskatt vegna sölu á gistináttaeiningu sem afhent er á árinu 2024 eða síðar ef sölureikningur fyrir heildarverði gistingar er gefinn út fyrir 1. janúar 2024. Útfærsla og framkvæmd eftirlits getur ekki hnikað því sem kemur fram í lögum.

Í sjötta og síðasta lagi leggur Skatturinn til að vísað sé til embættismannsins, ríkiskattstjóra, þegar tekur eru stjórnvaldsáskvarðanir en ekki heiti stofnunarinnar, Skattsins, sem annast verkefnið í hans umboði. Ráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið Skattsins og leggur því til við efnahags- og viðskiptanefnd að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

Að c-liður 3. gr. frumvarpsins verði felldur brott.

Að í stað „Skatturinn“ í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins komi: Ríkiskattstjóri.

Að í stað „Skatturinn“ í 6. mgr. 4. gr. frumvarpsins komi: ríkiskattstjóri.

Aðrar umsagnir

Krafa um að gistináttaskattur renni til sveitarfélaga.

Í umsögnum sveitarfélaganna Árborgar, Hornafjarðar, Húnaþings vestra, Ísafjarðarbæjar, Skagafjarðar og Þingeyjarsveitar er farið fram á að gistináttaskattur, að hluta eða öllu leyti, renni til sveitarfélaga en ekki í ríkissjóð.

Hugmyndir um aukna gjalddöku á ferðaþjónustu má rekja aftur til júní 2022 þegar fjármálaáætlun 2023-2027 var til meðferðar á Alþingi. Efnahagshorfur höfðu þá breyst töluvert frá því að fjármálaáætlunin var lögð fram á Alþingi í lok mars 2022. Þann 8. júní 2022 samþykkti ríkisstjórn tillögur um aðgerðir í ríkisfjármálum sem kölluðu á breytingar á fjármálaáætluninni.¹ Tillögum var ætlað að draga hraðar úr halla á ríkissjóði, bæði í því skyni að draga úr þenslu og til þess að byggja upp styrk ríkissjóðs til að mæta óvæntum áföllum framtíðar. Tillögum var einnig ætlað að vega á móti þörf fyrir stýrivaxtahækkunum. Ein tillagnanna var innleiðing á nokkrum sértækum aðgerðum, þ. á m. tekjuöflun af ferðamönnum frá og með árinu 2024. Í ljósi aðstæðna sem þarna voru uppi kom ekki til álita að auka fjárframlög til sveitarfélaga sem næmi fyrirhugaðri tekjuöflun, þ.m.t. viðbótar tekjuöflun, af ferðamönnum. Þess ber að geta að vinna stendur nú yfir með hagaðilum um gjalddöku í ferðaþjónustu til framtíðar. Verið er að skoða og leggja mat á ólíkar leiðir að breyttu gjalda- og skattaumhverfi sem gæti orðið megin tekjustofn gjalddöku í ferðaþjónustu í stað gistináttaskatts. Meðal annars er til skoðunar innleiðing á gjaldi sem einnig hefði þann tilgang að stýra álagi á ferðamannastöðum. Gera má ráð fyrir að í þeirri vinnu verði tekið til skoðunar hvernig tekjum af gjalddöku verði ráðstafað og með hvaða hætti sveitarfélögin geti notið góðs af gjalddökunni.

Krafa um að gistináttaskattur verði felldur niður eða hann haldist óbreyttur, þ.e. 300 kr. fyrir hverja gistináttaeiningu.

Í umsögn Farfugla ses er að finna tillögur þess efnis.

¹ [Frétt](#) um málið var birt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins 9. júní 2022.

Gistináttaskattur hefur verið í gildi frá 1. janúar 2012. Álagningu hans var aðeins frestað tímabundið vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Það hefur því alltaf legið fyrir að gistináttaskattur kæmi aftur til framkvæmda á árinu 2024. Ekki kemur til álita að fella gistináttaskattinn niður né að halda honum óbreyttum þar sem, eins og fyrr segir, liggur fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukna tekjuöflun af ferðamönnum frá og með árinu 2024.

Krafa um að gildistöku aukinnar gjaldtöku verði frestað þar sem fyrirvarinn sé of stuttur.

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) segja fyrirvarann of stuttan og leggja því til að þær auknu álögur sem áformaðar eru í frumvarpinu verði lagðar til hliðar þar til vinnu við aðgerðaráætlun um ferðapjónustu til 2030 er lokið eða þeim verði frestað til 1. september 2024. Fyrirtæki í hótél- og gistiþjónustu (FHG) leggja til að gildistöku verði frestað til 1. júlí 2024. Farfuglar ses fara einnig fram á að gildistöku verði frestað.

Ekki kemur til álita að halda gistináttaskattinum óbreyttum á árinu 2024 þar sem ákvörðun ríkisstjórnarinnar liggur fyrir, eins og fyrr segir, um aukna tekjuöflun af ferðamönnum frá og með árinu 2024. Af sömu ástæðu kemur heldur ekki til álita að fresta gildistöku fram á mitt ár 2024 eða síðar.

Þar sem fyrirvarinn er of stuttur þurfi gististaðir að greiða gistináttaskattinn úr eigin vasa.

Í umsögn SAF og Samtaka atvinnulífsins (SA) kemur fram að fyrirvarinn sé of stuttur. Margir gististaðir geti ekki innheimt skattinn hjá viðskiptavinum sínum og þurfi því að greiða gistináttaskattinn úr eigin vasa. FHG vísa í umsögn sinni til neytendalöggjafar ESB sem er hluti af EES samningnum. Hún gangi út á að seljendur sýni heildarkostnað við sölu og þjónustu. Skilja má umsögn FHG þannig að neytendalöggjöfin komi í veg fyrir að gististaðir geti innheimt hækkun á gistináttaskatti hjá viðskiptavinum sínum. Í umsögn Ferðapjónustunnar Álfheima kemur fram að þau séu samningsbundin við ferðaskrifstofur og þegar búin að tilkynna heildarverð fyrir árið 2024.

Ráðuneytið bendir á að neytendalöggjöf ESB/EES, sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 16/2016 um neytendasamninga, varðar samningssamband seljanda og kaupanda (neytanda) og binda ekki hendur stjórnvalda við öflun tekna. Löginn leggja þær skyldur á seljanda að fyrir samningsgerð upplýsi hann kaupanda um heildarverð vöru og þjónustu þ.m.t. opinber gjöld. Í þessu felst að seljanda ber að upplýsa eins og vel og honum er unnt um þau opinberu gjöld sem verða eða kunna verða hluti af heildarverði til kaupanda. Seljandi telst ekki hafa brotið gegn þessari lögbundnu skyldu sinni þegar stjórnvöld ákveða að leggja á skatt sem hefur áhrif á verð til kaupanda, enda hafi seljanda ekki verið mögulegt að vita um fyrirhugaða skattlagningu á þeim tíma þegar hann og kaupandi gengu til samninga. Ef neytendalöggjöfinni væri ætlað það rúma gildissvið sem hér er haldið fram væri svigrúm stjórnvalda til tekjuöflunar almennt mjög takmarkað. Slík er ekki raunin enda mörg dæmi um að sköttum og gjöldum, sem geta haft áhrif á heildarverð seljanda til kaupanda, sé breytt með stuttum fyrirvara.

Í þeim ríkjum þar sem gistináttaskattur er lagður á er venjan að innheimta gistináttaskatt í lok dvalar. Venjulega er við sama tímamark gefinn út sö lureikningur fyrir gistingu og, eftir atvikum, öðru því sem viðskiptamaður hefur notið á gististað eins og t.d. morgunmat. Alla jafna er viðskiptavinum kunnugt um þetta fyrirkomulag. Ráðuneytið fær ekki séð að gististaðir hér á landi séu í öðrum og verri sporum en kollegar sínir í öðrum ríkjum sem einnig þurfa að innheimta gistináttaskatt. Sé um það að ræða að fyrir lok þessa árs greiði viðskiptavinur að fullu fyrir gistingu sem afhent verður á árinu 2024 þá segir í 6. gr. frumvarpsins að ekki beri að innheimta gistináttaskatt vegna sölnunnar enda hafi sö lureikningur fyrir heildarverði gistingar verið gefinn út fyrir 1. janúar 2024.

Um fjöllun í umsögnum frá Hótél Ísafirði og Sjávarborg má skilja sem svo að almennt sé útilokað að innheimta gistináttaskatt hjá viðskiptavinum og því verði gististaðir að greiða skattinn úr eigin vasa.

Ráðuneytið bendir á að gistináttaskattur er búinn að vera í gildi frá árinu 2012. Verður að telja það hæpið að gististaðir hafi í allan þann tíma greitt úr eigin vasa gistináttaskatt sem þeir hefðu annars getað innheimt hjá gestum sínum.

Þeim sem reka gistingu í heimahúsum verði gert að innheimta og skila gistináttaskatti.

Í umsögnum BHM, Farfugla ses, SA, Sjávarborgar, SAF og FHG er gagnrýnt að þeim sem reki gistingu í heimahúsi sé ekki gert skylt að innheimta gistináttaskatt.

Ráðuneytið bendir á að allt frá upphafi gildistöku laga um gistináttaskatt hefur þar verið mælt fyrir um að ekki skuli leggja gistináttaskatt á sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Reglan leiðir til þess aðilar sem í atvinnuskyni selja skattskylda gistingu fyrir 2.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili en eru ekki skráðir á grunnskrá virðisaukaskatts ber ekki að innheimta gistináttaskatt. Séu þeir skráðir á grunnskrá virðisaukaskatts ber þeim hins vegar að

innheimta gistináttaskatt. Reglan leiðir einnig til þess að aðilar, sem eru ekki að selja gistingu í atvinnuskyni og fá þar af leiðandi ekki skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts þar sem þeir eru ekki að selja gistingu í atvinnuskyni, svo sem stéttarfélag og ýmis ferðafélög, eru einnig undanþegin gistináttaskatti. Gera má ráð fyrir að í þeirri vinnu sem nú stendur yfir um gjalddöku í ferðaþjónustu til framtíðar verði skoðað hvort tilefni sé til að innheimta gjald af þeim sem reka gistingu sem nú fellur ekki undir lög um gistináttaskatt.

Húsbílar greiða ekki gistináttaskatt.

Í umsögn Sjávarborgar kemur fram að þeim sem leigja húsbíla ber ekki að innheimta gistináttaskatt.

Litið er á leigu á húsbíl sem leigu á lausafjármun, sem ber 24% VSK. Þar er ekki um að ræða sölu á gistináttaeiningu, sem ber 11% VSK. Þar af leiðandi falla húsbílar ekki undir lög um gistináttaskatt.

Skemmtiferðaskip greiða ekki VSK af gistináttaskatti.

Í umsögnum Sjávarborgar, SAF og FHG kemur fram að skemmtiferðaskip greiði lægra gjald til ríkisins þar sem þau greiða ekki VSK af gistináttaskatti líkt og hefðbundnum gististöðum beri að gera samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna.

Ráðuneytið bendir hér á umfjöllun í frumvarpinu um e-lið 1. gr. þess. Skemmtiferðaskip, óháð því hvar það er skráð, telst vera í skattskyldri starfsemi hér á landi samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ef það tekur farþega um borð hér á landi, siglir með þá milli hafna hér á landi og skilar þeim aftur frá borði hér á landi. Slíkum skemmtiferðaskipum ber því að innheimta VSK af gistináttaskatti. Á hinn bóginn teljast skemmtiferðaskip, sem skráð eru erlendis, ekki vera í skattskyldri starfsemi hér á landi samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ef þeir farþegar sem koma með þeim til landsins fara með þeim aftur til útlanda. Sama gildir um skemmtiferðaskip sem skráð eru erlendis, og koma með farþega til landsins og skila þeim hér í land og taka aðra farþegar um borð sem fara með skipinu til útlanda. Hjá þessum aðilum getur gistináttaskattur, eðli máls samkvæmt, ekki myndað stofn til virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988.

Aukinn gistináttaskattur muni leggjast þyngra á gististaði á landsbyggðinni.

Í umsögn Sjávarborgar kemur fram að í stað þess að innheimta 300 kr. gjald fyrir fjögurra manna fjölskylduherbergi verði nú að innheimta 1.200 kr. Sambærilega umfjöllun er einnig að finna í umsögn frá Hótel Ísafirði. Í umsögn FHG kemur fram að verð á herbergjum sé almennt lægra úti á landsbyggðinni og algengara að fleiri en tvö rúm séu í hverju herbergi.

Ráðuneytið ítrekar hér að samkvæmt frumvarpinu stendur ekki til að innheimta gistináttaskatt fyrir börn undir 18 ára aldri. Ef fjölskylduherbergið er nýtt fyrir fjóra einstaklinga sem allir eru 18 ára eða eldri þá vissulega ber að innheimta 300 kr. gjald fyrir hvern einstakling. Ef fjölskylduherbergið er hins vegar nýtt fyrir tvo fullorðna og tvö börn undir 18 ára verður skatturinn 600 kr.

Undanþágan um að börn yngri en 18 ára greiði ekki skattinn er til trafala.

FHG leggur til að undanþágan fyrir börn verði felld brott þar sem hún auki flækjustig umfram ávinning.

Ráðuneytið bendir á að það er vel þekkt að börn eru undanþegin gistináttaskatti. Hér má sem dæmi nefna Frakkland, Ítalíu, Holland, Portúgal, Sviss og Möltu. Mismunandi er við hvaða aldursmark er miðað. Á helstu erlendum bókunarsíðum er óskað eftir upplýsingum um hvort börn verði með í för og hver aldur þeirra verður við tímamark gistingar. Nægir hér að nefna bókunarsíður eins og Booking.com, Hotels.com, Expedia.com, Trivago.com, Kayak.com, Tripadvisor.com og Agoda.com. Á öllum þessum bókunarsíðum er gert ráð fyrir að börn séu einstaklingar undir 18 ára aldri. Ráðuneytið fær því ekki séð að undanþágan geti verið til trafala. Þá fær ráðuneytið ekki heldur séð hvers vegna bókunarsíðurnar ættu ekki að deila slíkum upplýsingum með þeim gististöðum þegar bókuð er gisting í gegnum bókunarsíðurnar líkt og kemur fram í umsögn FHG.

Hækkun á gistináttaskatti muni draga úr hagnaði gististaða.

Í umsögn Sjávarborgar kemur fram að með hækkun á gistináttaskattinum sé verið að gera hagnað þeirra af rekstrinum upptækan í ríkissjóð. Í umsögn Hótel Ísafjarðar segir að gistináttaskatturinn muni hægja á greiðslu lána og skulda hjá gististöðum. Í umsögn SAF segir að hækkun á gistináttaskatti muni þurrka út stóran hluta af hagnað gististaða. Sams konar umfjöllun er að finna í umsögn FHG.

Ráðuneytið bendir á að gististað ber að innheimta gistináttaskattinn hjá sínum viðskiptavinum. Það eru þeir sem raunverulega eiga að greiða skattinn, ekki gististaðurinn. Hækkun á gistináttaskatti ætti því ekki að hafa áhrif á rekstur gististaða nema þá ef samdráttur verður í eftirspurn eftir gistingu.

Með fyrirhuguðum breytingum á lögum um gistináttaskatt verði nú gististöðum gert skylt að safna upplýsingum um viðskiptavinum sína.

Í umsögn Sjávarborgar kemur fram að nú vilji ríkið færa innritun gesta aftur í gamalt form og gera gististöðum þannig skylt að skrá nafn, kennitölu eða aldur og taka afrit af persónuskilríkjum. Þá má skilja umsögn Hótel Ísafjarðar sem svo að verið sé að innleiða nýja reglugerð um þessi skilyrði.

Ráðuneytið bendir á að skylda gististaða til að kalla eftir þessum upplýsingum hjá næturgestum, einnig í þeim tilvikum þegar um börn er að ræða, hefur verið í gildi frá árinu 2017 hið minnsta, sbr. 6. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 1277/2016. Sú skylda er alveg ótengd skyldunni að innheimta gistináttaskatt. Rekstraraðilar gististaða verða að aðlaga bókunarkerfin sín að þeim reglum sem gilda um starfsemi sína en ekki öfugt.

2. Afnám tollfrelsis skemmtiferðaskipa í siglingum innan íslenskrar lögsögu

Í umsögnum kemur m.a. fram að ef 19. gr. frumvarpsins verði að lögum sé hætt á að skemmtiferðaskip hætti hringsiglingum við Ísland. Sveitarfélög, hafnir og aðrir sem selja skipunum vöru og þjónustu gætu því orðið af miklum tekjum.

Ráðuneytið bendir á að miðað við fjölda þeirra farþega sem sigldu hringinn í kringum um landið í sumar verður ekki annað séð en að þessar ferðir séu mjög vinsælar og eftirsóttar. Má því allt eins gera ráð fyrir að ef núverandi rekstraraðilar sjái sér ekki fært að halda úti siglingunum muni aðrir aðilar koma inn á markaðinn til að anna þessari eftirspurn. Breytingarnar ættu því ekki endilega að leiða til þess að tekjur aðila minnki.

Í umsögnum kemur einnig fram að skemmtiferðaskip í hringsiglingum um landið kaupi ýmis aðföng hér á landi.

Ráðuneytið dregur það ekki í efa. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að mikill meirihluti þeirra vara sem skipin kaupa eru keyptar erlendis frá og fluttar beint inn í skipin án greiðslu nokkurra aðflutningsgjalda. Samkvæmt upplýsingum frá tollgæslusviði Skattsins voru vörur að verðmæti 1,5 ma. kr. fluttar beint inn í skipin sumarið 2023. Vegna tollfrelsisins greiða þau m.a. ekki tolla af landbúnaðarvörum, áfengisgjald né VSK.

Í umsögnum kemur fram að ekki ætti að gera þessa breytingu nema að undangenginni skoðun á efnahag og samfélagi. Í umsögn SAF segir m.a. að hér sé um að ræða grundvallar breytingu á skatta- og gjaldaumhverfi ferðapjónustu án samráðs og án þess að lagt sé nokkuð mat á áhrif breytinganna. Það sé óboðlegt að ekki liggi fyrir mat á áhrifum þessarar breytingar.

Ráðuneytið bendir á að gildandi tollfrelsi skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum felur í reynd í sér grundvallarfrávik frá því skatta- og gjaldaumhverfi sem ferðapjónustan og aðrir rekstraraðilar sem eru í starfsemi hér á landi þurfa að lúta. Frávik sem þekkist ekki í öðrum ríkjum. Frávik sem kom inn með breytingartillögu þingmanns í þriðju umræðu frumvarps sem varð að lögum nr. 42/2012. Breytingartillögunni fylgdi ekkert áhrifamat, hvorki fjárhagsleg né efnahagsleg né hvernig tillagan samræmdist jafnræðisreglunni. Erfitt er að leggja mat á umfang starfsemi þessara aðila af þeirri einföldu ástæðu að þeir hafa ekki þurft að gera skattyfirvöldum grein fyrir því.

Í umsögnum kemur fram að fyrirvarinn sé of stuttur. Rekstraraðilar skipanna selji ferðir með 18-24 mánaða fyrirvara og hafa enga burði til að innheimta boðaða skatta og gjöld af viðskiptavinum sínum.

Ráðuneytið bendir á að þegar ferðir eru seldar með þetta miklum fyrirvara megi gera ráð fyrir að í samningsskilmálum sé fyrirvari þar sem seljandi áskilji sér rétt til að krefja kaupanda um frekari greiðslur verði breytingar á sköttum og gjöldum.

Í umsögn AECO kemur fram að hróplegt ósamræmi þykir að hefðbundin skemmtiferðaskip myndu áfram njóta tollfrelsis ef ferðin byrjar og/eða endar utan Íslands en skip sem sigla um landið gerðu það ekki.

Ráðuneytið bendir á að það er alþjóðlega viðurkennt að erlend skip sem sannarlega stunda millilanda-siglingar njóta tollfrelsis. Á hinn bóginn þekkist það hvergi að skip sem stunda innanlandssiglingar njóti sams konar tollfrelsis. Enda slíkt þá í ósamræmi við aðra starfsemi sem fer fram innan viðkomandi ríkis.

Cruise Iceland talar um í umsögn sinni að verði tollfrelsið fellt brott sviptir það farþega skipanna þeim möguleika að kaupa vörur um borð tollfrjálst.

Ráðuneytið bendir á að með réttu ættu farþegar í þessum skipum að kaupa vörur um borð í skipunum með VSK og sækja síðan endurgreiðslu á VSK samkvæmt hefðbundnum leiðum líkt og aðrir erlendis ferðamenn hér á landi þurfa að gera. Þá er rétt að geta þess að erlendir ferðamenn njóta ekki fullrar endurgreiðslu á VSK. Samkvæmt reglugerð nr. 1188/2014, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis er t.d. skilyrði endurgreiðslu að kaupverð vörunnar nemi minnst 12.000 kr. Þá fer endurgreiðslan fram í gegnum millilið sem innheimtir þöknun fyrir sína þjónustu. Að þessu sögðu verður því

ekki annað séð en að farþegar um borð í skemmtiferðaskipi í innanlandssiglingum njóti betri réttar en aðrir erlendir ferðamenn hér á landi.

Varðandi áhyggjur umsagnaraðila um að mikið umstang komi til með að fylgja því að þurfa að tollafgreiða allar vörur í skipunum þegar þau koma fyrst til landsins á vorin þá bendir ráðuneytið á að auðveldlega megi komast hjá slíku með því að koma með skipin tóm til landsins og kaupa í staðinn aðföngin hér á landi eða erlendis frá sem hljóta þá hefðbundna tollafgreiðslu.

Öll framkomin sjónarmið umsagnaraðila fá því ekki breytt að rekstraraðilum skemmtiferðaskipa sem stunda starfsemi hér á landi verða að lúta sömu skattareglum og aðrir sem eru í starfsemi hér á landi. Þeir eiga að skila virðisaukaskatti af starfsemi sinni. Þeir eiga að greiða virðisaukaskatt af aðföngum sem þeir geta síðan talið til innskatts. Það eru ekki hagsmunir eins hagaðila sem hér eru látnir ráða för. Heldur er hér um að ræða hagsmuni ríkisins og allra þeirra sem eru í skattskyldri starfsemi hér á landi. Í grunninn snýst þetta um jafnræði aðila. Ekki er mögulegt að líta fram hjá þessum grundvallaratriðum eingöngu til að standa vörð um tekjur hafna, sveitarfélaga og annarra sem eiga viðskipti við skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum.

Að því er varðar hugmyndir AECO og Cruise Iceland um að sigling teljist sjálfkrafa millilandasigling sé komið við í einni höfn erlendri höfn í hringisiglingu um landið er rétt að vekja athygli á að alþjóðlegar VSK reglur gera almennt ráð fyrir því að VSK sé skilað af allri sölu á vöru og þjónustu nema salan sé sérstaklega undanþegin. Spurningin er bara hvar skila skuli VSK.

3. Vörugjald af bensíni og virðisaukaskattur af sölu eldsneytis

Í umsögn Landsbjargar er farið fram á að sala á bensíni til björgunarsveita verði undanþegin vörugjaldi.

Samkvæmt lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum eldsneyti o.fl. er vörugjald af bensíni innheimt við tollafgreiðslu. Innflytjandi bensínsins (olíufélögin) greiða vörugjöldin í tolli. Vörugjöldin mynda einnig gjaldstofn til virðisaukaskatts hjá innflytjanda. Á þessum tímamarki liggur ekki fyrir hver verður hinn endanlegi kaupandi bensínsins. Það er því ekki mögulegt að gera breytingu sem þessa í þeim tilgangi sem hér er tilgreindur.

Í umsögn Landsbjargar er einnig farið fram á að sala á eldsneyti til björgunarsveita verði einnig undanþegin VSK.

Björgunarsveitir kaupa eldsneyti hjá söluaðilum þess. Söluaðilar eru í skattskyldri starfsemi og innheimta VSK af sölu á eldsneyti. Það þekktist ekki að leggja þær kvaðir á herðar söluaðila að meta hvenær honum sé heimilt að selja tilteknum innlendum kaupendum vöru með eða án VSK. Í reynd mætti fullyrða að slíkt væri nánast ómögulegt. A.m.k. gæti verið töluverð hættu á misnotkun. Í 12. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er að finna tæmandi talningu á þeim tilvikum þar sem seljanda hér á landi er heimilt að selja kaupanda vöru eða þjónustu án VSK. Í öllum tilvikum² er um að ræða viðskipti við aðila í starfsemi erlendis og er þar byggt á meginreglum VSK í viðskipum milli landa. Að þessu sögðu kemur að mati ráðuneytisins ekki til álita að verða við beiðni Landsbjargar um að sala á eldsneyti til björgunarsveita verði undanþegin VSK.

4. Vörugjöld af húsbílum

Um langa hríð hefur það verið meginregla í lögum nr. 29/1993 að vörugjald er lagt á ökutæki miðað við skráða losun koltvísýrings þess. Með lögum nr. 117/2018, sem tóku gildi 1. janúar 2019, var aðferðarfræði mælinga sem snerta útblástur ökutækja breytt til samræmis við þróun á alþjóðavísu. Fram til þessa hafði verið byggt á svokölluðum NEDC staðli, eða evrópsku aksturslotunni, við útreikning á losun koltvísýrings. Staðallinn hafði í nokkurn tíma sætt töluverðri gagnrýni, m.a. þar sem aðferðarfræði hans hafði ekki þótt standast tímans tönn í ljósi þróunar við framleiðslu ökutækja, breyttra notkunarháttanna þeirra og mismunandi eiginleika. Með lögum nr. 29/1993 var nýr staðall, WLTP eða samræmda prófunaraðferðin, lögfestur. WLTP staðallinn var þróaður innan Sameinuðu þjóðanna og hafði þá þegar verið innleiddur í regluverk Evrópusambandsins. Fyrir lá að með upptöku WLTP staðalins myndi uppgefin koltvísýringslosun hækka um 7-37% eða 21% að meðaltali og vörugjöld á bifreiðar þar með hækka. Eftir að lög nr. 117/2018 höfðu tekið gildi kom í ljós að útblástur húsbíla samkvæmt WLTP staðlinum yrði mun hærri en samkvæmt NEDC staðlinum og bílarnir myndu flestir fá hámarksvörugjald sem er 65%. Til að koma til móts við þessa miklu hækkun lagði meiri hluti efnahags- og viðskiptanefnd til að bætt yrði við ákvæði til bráðbirgða í lög nr. 29/1993 sem mælti fyrir um að lækka skyldi skráða losun húsbíla um 40% en þó þannig að hún yrði aldrei lægri en 150 g/km. Tillagan varð að lögum, sbr. 32. gr. laga nr. 33/2020, og tók gildi í maí 2020 (ákvæði til

² Í undanskildu einu afmörkuðu tilviki sem er að finna í 8. tölul. 1. mgr. 12. gr. VSKL. Þar segir að samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárfframleiðslu séu undanþegnar skattskyldri veltu. Í þessu felst að beinar greiðslur til bænda samkvæmt búvörusamningi séu undanþegnar skattskyldri veltu.

bráðabirgða XVIII í lögum nr. 29/1993). Í nefndaráli meiri hlutans kom fram að um væri að ræða tímabundna lausn á meðan unnið væri að varanlegri lausn. Upphaflega gildi ákvæðið út árið 2020 en það hefur síðan verið framlengt í tvígang, um ár í senn, þar sem ekki lá fyrir mótuð framtíðarlausn.

Á síðastliðnum árum hefur orðið mikil þróun í rafmagns húsbílum. Að mati ráðuneytisins eru því ekki lengur réttlætunarlegar forsendur fyrir því að viðhalda áfram þeirri ívilnun sem felst í ákvæði til bráðabirgða XVIII í lögum nr. 29/1993. Enn fremur samræmist það ekki stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum að ívilna sérstaklega bílum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Að þessu sögðu er það álit ráðuneytisins að tímabært sé að vörugjöld á húsbíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti séu reiknuð í samræmi við útblástur þeirra skv. WLTP aðferðinni líkt og gildir um allar aðrar bifreiðar sem bera vörugjald skv. 3. gr. laga nr. 29/1993.

5. Endurgreiðsla virðisaukaskatts sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra hafa greitt af innflutningi eða kaupum á ákveðinni þjónustu eða vöru skv. 3. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt

Í umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla er farið fram á að inngangsmálslið 3. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt verði breytt með þeim hætti að endurgreiðsluákvæði greinarinnar nái ekki aðeins til ríkis, sveitarfélaga og stofnanna þeirra heldur einnig til leikskóla sem bæði hafa starfsleyfi skv. 25. gr. laga nr. 90/2008, um leikskóla, og njóta framlaga úr sveitarsjóði, sbr. 26. gr. laganna, og sjálfstætt rekinna grunnskóla samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Ráðuneytið er alfarið á móti því að farin sé sú leið sem fjallað er um í erindi samtakanna, þ.e. að sjálfstæðir skólar njóti rétt til endurgreiðslu VSK líkt og opinberir aðilar. Frá því að virðisaukaskattur kom til framkvæmda 1. janúar 1990 hefur verið til staðar heimild til að endurgreiða opinberum aðilum virðisaukaskatt vegna kaupa á vöru eða þjónustu sem fellur undir 3. mgr. 42. gr. laganna. Með lögum nr. 55/1997 var ákvæðið fært í það horf að ákveðið var að tiltekin þjónusta og vara sem væri endurgreiðsluhæf skv. 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um VSK af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, yrði talin upp með tæmandi hætti í ákvæðinu. Endurgreiðsla til opinberra aðila byggist á sérstökum reglum og er beitt í samspili við reglur um skattlagningu eigin nota til þess að vinna gegn neikvæðum samkeppnisáhrifum af sérstakri meðferð opinberra aðila. Tilgangurinn með reglunum er annars vegar að tryggja jafna stöðu sveitarfélaga, hvort sem þau kjósa að kaupa vöru eða þjónustu utan frá eða þjónusta sig sjálf, og hins vegar að tryggja samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja sem selja hliðstæða vöru eða þjónustu. Reglunum er því ætlað að varðveita hlutleysi VSK.

Það að fara þá leið að breyta inngangsmálslið 3. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt líkt og Samtök sjálfstæðra skóla fara fram á væri mikið stílbrot á endurgreiðslum til opinberra aðila og græfi að mati ráðuneytisins undan VSK-kerfinu til framtíðar. Fyrir liggur að ákvæðið hefur að mestu leyti staðið óbreytt frá upphafi laga um virðisaukaskatt. Þá liggur fyrir að sérstök sjónarmið gilda um opinberra aðila og endurgreiðslu VSK til þeirra eins og áður segir. Þannig væri að mati ráðuneytisins hætt við því ef slíkar breytingar væru samþykktar að önnur undanþegin starfsemi, t.a.m. þjónusta einkaaðila í fjármála- og tryggingastarfsemi og heilbrigðisþjónustu, færi fram á svipaðar aðgerðir sér til handa, þar sem viðkomandi starfsemi er einnig undanþegin virðisaukaskatti og ber innskattinn líkt og þeir aðilar sem veita þjónustu sem er undanþegin VSK.

Þá liggur fyrir að sjálfstæðir skólar eru í hagnaðardrífinni starfsemi, þ.e. eru einkaréttarleg félög, og því reknir með hagnaðartilgang að leiðarljósi á grundvelli þjónustusamninga við sveitarfélög, en framlög sveitarfélaga nema samkvæmt skoðun ráðuneytisins almennt frá 70-100% af rekstrarkostnaði, eftir því hvort um er að ræða sjálfstæða grunn- eða leikskóla. Allt önnur rekstrarleg sjónarmið gilda því um slíka aðila, heldur en opinbera aðila sem ekki eru reknir með hagnaðartilgang að leiðarljósi.

Ráðuneytið vill benda efnahags- og viðskiptanefnd á að mál þetta hefur áður verið lagt fram af hálfu Samtaka sjálfstæðra skóla fyrir þáverandi efnahags- og viðskiptanefnd þar sem sambærileg beiðni kom fram af hálfu samtakanna til nefndarinnar. Ráðuneytið andmæli þá á sama hátt beiðni samtakanna þess efnis að gerði yrði breyting á 3. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt líkt og nú er farið fram á. Á þeim tíma var ráðuneytið janframt í sambandi við Skattinn sem tók undir sjónarmið ráðuneytisins þess efnis að ekki væri rétt að bæta sjálfstæðum leik- og grunnskólum við ákvæðið í ljósi framangreinds.

Að lokum vill ráðuneytið nefna að samskipti hafa átt sér stað við fulltrúa samtakanna. Ráðuneytið móttók fyrir stuttu síðan gögn um mat samtakanna á áhrifum þeirra lagabreytinga sem óskað er eftir. Nauðsynlegt er að ítarlegri skoðun og greining fari fram á umræddum gögnum og að frekari samanburður fari fram á stöðu opinberra- og sjálfstæðra leik- og grunnskóla, m.a. út frá áhrifum umbeðinna breytinga samtakanna á virkni VSK-kerfisins í heild sinni.

6. Lægra áfengisgjald á tiltekið magn áfengra drykkja sem framleiddir eru af litlum, sjálfstæðum framleiðendum

Í umsögn Skattsins, kafla III, er að finna tvær tillögur að breytingu á orðalagi. Ráðuneytið tekur undir tillögur Skattsins og telur þær vera til bóta. Ráðuneytið leggur því til við efnahags- og viðskiptanefnd að ákvæðið taki þeim breytingum sem lagðar eru til í umsögn Skattsins.

Í umsögn KPMG er að finna tillögu að breytingu á orðalagi b. liðar 2. tölul. 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið tekur undir tillögu KPMG og telur hana vera til bóta. Ráðuneytið leggur því til við efnahags- og viðskiptanefnd að b. liður 2. tölul. 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins taki breytingum og verði svohljóðandi:

Framleiðandi er ekki undir eignar- eða stjórnaryfirráðum annars framleiðanda áfengra drykkja. Slík yfirráð teljast vera til staðar ef beint eða óbeint eignarhald annars framleiðanda er yfir 50%, hann fer, beint eða óbeint, með meira en 50% atkvæðisréttar eða hefur að öðru leyti yfirráð yfir framleiðanda.

Í umsögn Landslæknis kemur fram að með frumvarpinu sé verið að draga úr áhrifum áfengisgjaldsins sem er að takmarka skaða vegna áfengisneyslu. Hvetur embættið til þess að unnið verði að heildrænni stefnumótun í málaflokknum og varar við breytingum sem geta leitt til enn frekari tilslökunar, sérstaklega án þess að fyrir liggja rammi eða umgjörð sem tekur til forvarna og lýðheilsu almennt. Í umsögninni kemur einnig fram að neysla áfengis fari vaxandi hérlendis eða um 8% frá árinu 2010 og er nú að meðaltali 6 lítrar af hreinum vínanda á mann (heimsmeðaltal er 5,5 lítrar). Skaðsemi áfengis er ótvírætt en áfengisneysla getur valdið bráðum og langvinnum sjúkdómum. Þá segir að áfengisneysla hafi ekki bara áhrif á heilbrigðiskerfið heldur félagslega kerfið, löggæslu og dómskerfi sem og á efnahag þjóða. Samfélagsleg áhrif áfengis séu mikil. Algengi skorpulifrar hérlendis hafi áttfaldast á tímabilinu 2016-2020 miðað við tímabilið 1984-2000. Áfengi valdi þremur milljónum dauðsfalla í heiminum á hverju ári. Aukið aðgengi að áfengi og lækkað verð muni að álitum Landlæknis skila sér í aukinni neyslu og þar með aukinni byrði fyrir samfélagið. Til svars við umsögn Landlæknis vill ráðuneytið ítreka að í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um aukið aðgengi að áfengi. Frumvarpið hefur einungis að geyma ákvæði sem heimilar lægra áfengisgjald á mjög takmörkuðu magni af áfengum drykkjum sem falla undir 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, að uppfylltum ströngum skilyrðum. Undir 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur öl sem flokkast í vörulið 2203 í tollskrá og vörur sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206 í tollskrá (hér eftir nefnt bjór). Við gerð 18. gr. frumvarpsins hefur verið tekið mið af því að löggjöf um gjald á áfengi er hvort tveggja ætlað að afla ríkinu tekna og um leið stýra neyslu áfengis með gjaldtöku. Enn fremur hefur verið litið til þess hvernig þessum málum er háttað í nágrennanríkjum. Í tuttugu ríkjum Evrópusambandsins, þar á meðal í Danmörku og Finnlandi, er veittur afsláttur af áfengisgjaldi fyrir bjór sem framleiddur er af litlum og sjálfstæðum framleiðendum. Byggist það á heimild í tilskipun Evrópuráðsins [92/83/EBE](#). Sams konar reglur eru einnig í gildi í Noregi. Markmiðið með 18. gr. frumvarpsins er að bæta samkeppnisstöðu lítilla bjór framleiðenda gagnvart stærri bjór framleiðendum sem geta, stærðar sinnar vegna, boðið lægra verð. Breytingunni er ætlað að gera litla framleiðendur samkeppnishæfari. Hún á að leiða til þess að fleiri tegundir verða í boði á sama verði. Ekki verður séð að lækking á áfengisgjaldi skv. 18. gr. frumvarpsins komi til með lækka verð á ódýrustu bjórtegundunum sem nú eru til sölu í vínbúðum ÁTVR enda verður ekki annað séð en að þær séu allar framleiddar af stórum framleiðendum sem falla ekki undir 18. gr. frumvarpsins. Hér er því fyrst og fremst um að ræða aukið úrval sem ætti ekki að þurfa að leiða til kaups á auknu magni.

Í umsögn ÁTVR kemur fram að fyrirtækið telji lækkingu áfengisgjalds ganga gegn stefnu íslenskra stjórnvalda í áfengis- og lýðheilsuáttum. Lækkingu útsöluverðs á áfengi leiðir samkvæmt rannsóknnum til aukinnar neyslu áfengis og þar með aukins samfélagslegs skaða. Vísar ÁTVR til þess að markmið áfengislöggjafarinnar hér á landi grundvallast á því að tryggja almannaheilbrigði og vinna gegn misnotkun áfengis, sbr. 1. gr. áfengislaga nr. 75/1998. Þá hafi áhrif frumvarpsins ekki verið metin, hvorki með tilliti til aukinnar neyslu áfengis og lýðheilsu eða hugsanleg aukins kostnaðar ríkissjóðs á sviði heilbrigðismála. Ráðuneytið ítrekar það sem kemur fram í kafla 3.5. í frumvarpinu um að tillögur að breytingum á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, taki mið af því að löggjöf um gjald á áfengi er m.a. ætlað að stýra neyslu áfengis með gjaldtöku. Af þeim sökum er heimildin til lækkunar á áfengisgjaldi í 18. gr. frumvarpsins eingöngu látin ná til áfengra drykkja sem falla undir 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 96/1995 (öðru nafni bjór) en þeir innihalda að jafnaði lægra alkóhólmagn en þeir áfengu drykkir sem falla undir 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þá er heimildin til lækkunar á áfengisgjaldi skv. 18. gr. frumvarpsins bundin við sem nemur 200.000 lítrum af bjór, miðað við 5% styrkleika, ár hvert fyrir hvern framleiðanda. Þá eru önnur skilyrði fyrir lækkun á áfengisgjaldinu mjög þröng. T.a.m. þarf framleiðandi að uppfylla skilyrði ákvæðisins um að vera

lítill og sjálfstæður framleiðandi. Að mati ráðuneytisins má ætla að 18. gr. frumvarpsins komi til með að hafa óveruleg áhrif á lýðheilsu almennings og muni ekki leiða til aukins kostnaðar ríkissjóðs á sviði heilbrigðismála. Í þessu sambandi má benda á að áfengisgjald á bjór, 330 ml. með 5% styrkleika, er 130 kr. Áfengisgjald á þess háttar bjór sem félli undir 18. gr. frumvarpsins yrði þá 65 kr. Ef fullt verð á þeim bjór væri 400 kr. færi verðið niður í 335 kr. Á bls. 3 í umsögninni gerir ÁTVR ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar á áfengisgjald skv. 18. gr. frumvarpsins geti orðið 940 milljónir á ári. Ráðuneytið bendir á að í útreikningum sínum gerir ÁTVR ráð fyrir að allir þeir 24 framleiðendur sem fyrirtækið telur að geti fallið undir 18. gr. frumvarpsins komi til með að nýta heimildina að fullu (þ.e. selji sem nemur 200.000 lítrum af bjór m.v. 5% styrkleika á einu almanaksári). Í mati ráðuneytisins á fjárhagslegum áhrifum af 18. gr. frumvarpsins var hins vegar tekið mið af raunverulegri stærð innlendrar framleiðslu á árinu 2022. Alls voru ellefu framleiðendur sem voru með heildarframleiðslu á bilinu 200 til 10.000 lítra, átta framleiðendur voru með heildarframleiðslu á bilinu 10.000 til 40.000 lítra og aðeins sjö framleiðendur sem voru með heildarframleiðslu frá 40.000. Aðeins hluti þeirra sem tilheyra síðasta flokknum eru með ársframleiðslu undir 500.000 lítrum, aðrir fara upp fyrir 500.000 lítra markið og myndu þar með ekki uppfylli skilyrði til lækkunar á áfengisgjaldi skv. 18. gr. frumvarpsins. Miðað við núverandi stöðu hjá innlendum framleiðendum verður ekki séð að áætlun ÁTVR um tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar á áfengisgjaldi standist.

Af umsögn 64°Reykjavík Distillery ehf. má ráða að 18. gr. frumvarpsins eigi að taka til allra smáframleiðenda áfengra drykkja en ekki aðeins þeirra sem framleiða áfenga drykki samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Hið rétta er að í 18. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði að lækka áfengisgjald af vörum sem falla undir 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 96/1995. Þar af leiðandi nær 18. gr. frumvarpsins ekki til annara tegunda áfengra drykkja, þ.e. drykkja sem falla undir 2. eða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 96/1995. Í ljósi þess að löggjöf um gjald á áfengi er m.a. ætlað að stýra neyslu áfengis með gjaldtöku telur ráðuneytið ekki forsvaranlegt á þessum tímavarki að ganga lengra en lagt er til í frumvarpinu.

Félag atvinnurekenda (FA) bendir á þau jaðaráhrif sem 18. gr. frumvarpsins, verði hún að lögum, kunni að valda. Framleiðandi sem framleiðir 499.999 lítra af bjór m.v. 5% styrkleika fær 50% afslátt af áfengisgjaldi af fyrstu 200.000 lítrunum. Framleiðandi sem framleiðir 500.001 lítra fær engan afslátt. Ráðuneytið er meðvitað um jaðaráhrifin en telur jafnframt ekki þörf á að bregðast sérstaklega við þeim. Að því er varðar kosti þess að hafa þrepaskiptan afslátt þá bendir ráðuneytið á að meirihluti þeirra Evrópusambandsríkja, sem veita litlum og sjálfstæðum bjór framleiðendum afslátt af áfengisgjaldi, eru ekki með þrepaskiptan afslátt. Ráðuneytið hafnar tillögu FA um að allir áfengisframleiðendur fái notið afsláttarins fyrir fyrstu 200.000 lítrana af bjór. Slíkt myndi ganga þvert gegn markmiði 18. gr. frumvarpsins sem er að styðja við framleiðslu lítilla og sjálfstæðra framleiðenda. Auk þess væri slíkt ekki í samræmi við tilskipun Evrópuráðsins 92/83/EEB. Vissulega er tilskipunin ekki hluti af EES samningnum þar sem hún mælir fyrir um skattlagningu á áfengi og heimilur ríkisstyrki í formi lægra áfengisgjalds til handa litlum og sjálfstæðum framleiðendum. Þar af leiðandi er Íslandi ekki skylt að innleiða tilskipunina. Engu að síður er Ísland sem EES-ríki skuldbundið til að haga ríkisstyrkjum sínum í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES. ESB hefur sett rammann fyrir styrki fyrir framleiðslu á áfengi í tilskipun Evrópuráðsins 92/83/EEB og verður ekki séð að ríkisstyrkur sem gangi lengra en tilskipunin mælir fyrir geti samræmst ríkisstyrkjareglum EES. Að því er varðar umfjöllun FA um að kerfið verði of flókið bendir ráðuneytið á að ekki felst mikil vinna í að sannreyna upplýsingar um framleiðslumagn og eignarhald íslenskra framleiðenda. Mögulega kann að reynast flóknara að sannreyna þess háttar upplýsingar erlendra framleiðenda. Hins vegar í ljósi þess hversu lágt viðmiðið er varðandi heildarframleiðslumagn á hverju almanaksári (500.000 lítrar af bjór m.v. 5% styrkleika) er gert ráð fyrir að slíkar beiðnir verði fáar. Að lokum hafnar ráðuneytið tillögu FA um að jafna áfengisgjald á áfenga drykki sem falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 96/1995.

Að því er varðar umsagnir Samtaka atvinnulífsins (SA) og Samtaka ferðaþjónustunnar hefur þeim sjónarmiðum sem þar koma fram verið gerð skil í framangreindri umfjöllun um aðrar umsagnir.

7. Virðisaukaskattur af sölu kvikmynda á netinu og myndefnis eftir pöntun

Vegna umsagnar FRÍSK, (Félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði), telur ráðuneytið rétt í upphafi að benda á að skattlagning VOD þjónustu hér á landi (e. Video on Demand) er virðisaukaskattsskyld samkvæmt meginreglu 2. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt í almennu skatthlutfalli, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna og ber því innlendum jafnt sem erlendum aðilum sem selja einstaka mynd með rafrænum hætti, eða aðgang að streymi hér á landi, að innheimta 24% VSK af þeirri sölu. Kvikmyndagerð, aðgangseyrir í kvikmyndahús, og kaup eða streymi á mynd með rafrænum hætti fellur þannig undir almennt þrep VSK, þ.e. 24% VSK-hlutfall.

Í dag er mikið framboð af afþreyingu og upplýsingum, fjölmiðlum, fréttamiðlum, efnisveitum, leikjum, forritum, menntun, menningu og listum í formi vöru, þjónustu, viðburða og upplifana. Á þessu breiða sviði finnast öll tilvik VSK-meðferðar. Í neðra þrepi VSK má í fjórum tilvikum finna þjónustu sem hefur einhver líkindi við kvikmyndir eða eftir atvikum þjónustu í formi kaupa eða streymi á myndefni, þ.e. áskriftargjöld sjónvarps, sölu tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða og sölu bóka og tónlistar. Ekki er þó um að ræða fullkomnar samkeppnisvörur eða þjónustu við kvikmyndir eða sjónvarpsþjónustu. Út frá skoðun á nefndum tilvikum má sjá að samnefnari þjónustunnar sem fellur undir lægra þrep VSK eru þau jákvæðu ytri áhrif fjölmiðlunar, sem eru talin stuðla að upplýsingum og lýðræðislegri þjóðfélagsumræðu. Sú röksemd fyrir ívilnandi VSK-meðferð er þekkt víða um heim. Í undanþegna hluta hagkerfisins má síðan finna menningarstarfsemi sem einnig er talin hafa jákvæð ytri áhrif og nýtur á þeim grundvelli opinbers stuðnings en ber þó fullan VSK af aðföngum sínum. Ráðuneytið fær ekki séð að það sama eigi við um kaup á afþreyingarefni á streymisveitum og að sérstök rök séu fyrir því að fella myndefni eftir pöntun (T-VOD) og áskriftarsölu þar sem keypt er mánaðarleg áskrift að afþreyingarefni (S-VOD) undir lægra þrep VSK. Í þessu sambandi ber að mati ráðuneytisins einnig að hafa í huga það mikilvægi að standa vörð um VSK-kerfið og tekjuöflunargetu þess og að auknar ívilnanir veikja kerfið og reynast yfirleitt varanlegar nema sérstök mælanleg markmið fylgi. Veiking VSK leiðir til bæði beins og óbeins tekjutaps og er til þess fallin að raska jafnvægi og sátt um kerfið og stríðir gegn því markmiði að bæta tekjuskilvirkni VSK.

Hvað við kemur VSK á aðgangseyri að kvikmyndahúsum liggur fyrir að ráðuneytið féll frá birtum áformum um að setja aðgangseyri að kvikmyndahúsum í lægra þrep VSK þar sem slík breyting þarfnæðist að mati ráðuneytisins frekari skoðunar við með tilliti til EES-reglna um ríkisaðstoð. Eftir frekari skoðun og greiningu ráðuneytisins á málinu, eru líkur fyrir því að ef aðgangseyrir að kvikmyndahúsum yrði færður undir lægra þrep VSK myndi slík breyting fela í sér ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins þar sem um væri að ræða frávik frá skattskyldu í almennu þrepi VSK að teknu tilliti til eðli og virkni VSK-kerfisins. Að mati ráðuneytisins er með vísan til þessa þörf á frekari skoðun og greiningu á þeim áformum að fella aðgangseyri að kvikmyndahúsum í lægra VSK-þrepið, með vísan til ríkisstyrkjareglna EES samningsins.

Það er jafnframt mat ráðuneytisins að ef vilji stendur til þess að skoða skatthlutfall VSK vegna sölu á myndefni og aðgangseyri að kvikmyndum, sé jafnframt æskilegt að samhliða fari fram heildstæð skoðun á tengdri eða skyldri starfsemi, t.a.m. menningarstarfsemi í heild sinni, til að tryggja sem best samræmi í skattalegri meðferð mismunandi tegundar starfsemi svo að tryggt sé að skýr skattaleg sjónarmið liggja til grundvallar skattalegri meðhöndlun hlutaðeigandi þjónustu hverju sinni.

8. Tekjuskattsskylda erlendra aðila

Varðandi a- og c-lið 7. gr. þá má fallast á tillögu KPMG um að bæta orðunum „hér á landi“ á eftir „eða föstum starfsstöðvum“ þannig úr verði „föstum starfsstöðvum hér á landi“.

Varðandi b-lið 7. gr. þá leggur KPMG til breytt orðalag. Ráðuneytið telur ekki rétt að bregðast við athugasemdunum. Breytingin snýr að því að gera skýrt að laun (eða hliðstæðar greiðslur) sem greidd eru frá Íslandi, hvort sem launin eru greidd frá íslenskum aðila eða tilheyrir fastri starfsstöð hér á landi, falli undir gildissvið töluliðarins óháð því hvar starfsemin fer fram sem launin eru greidd vegna. Ekki verður séð að gera eigi greinarmun á þeim tilvikum þegar föst starfsstöð er erlendis eða ekki. Uppruni teknanna skv. töluliðnum er að greiðsla (og þar með gjaldfærsla) fer fram á Íslandi og í tilviki fastra starfsstöðva hér á landi, þar sem eiginleg „greiðsla“ fer ekki fram, að tekjurnar séu raunverulega tengdar starfsstöðinni.

Varðandi c-lið 7. gr. þá er fjallað í umsögn Deloitte og KPMG um áhrif sem nýr 12. tölul. 1. mgr. 3. gr. tekjuskattslaga gæti haft á tekjur erlendra aðila af þjónustu sem veitt er erlendis. Taka ber fram að töluliðnum var ekki ætlað að mæla fyrir um eins víðtæka skattskyldu líkt og rakið er í umsögnunum. Tillagan gekk út frá því að tekjur af þjónustu væru taldar upp í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. óháð því hvar sú þjónusta væri innt af hendi. Hinum nýja tölulið var þannig eingöngu ætlað að grípa aðrar ótilgreindar tekjutegundir og átti breytingin að vera óveruleg. Þar sem umsagnir miðast við aðra virkni en lagt var upp með þá telur ráðuneytið rétt að fella 12. tölulið á brott í c-lið 7. gr. fremur en að leggja til breytingar á honum.

Til samræmis við breytingu á c-lið 7. gr. þá ber að breyta eftirfarandi ákvæðum frumvarpsins:

- í b-lið 11. gr. ber að fella á brott 12. tölul.
- 14. gr. orðast svo: Í stað orðanna „og 10. tölul. 1. mgr.“ og „og 10. tölul. 70. gr.“ í 2. málsli. A-liðar 2. gr. laganna kemur: 10. og 11. tölul. 1. mgr.; og: 10. og 11. tölul. 70. gr.
- 15. gr. orðast svo: Í stað orðanna „og 10. tölul.“ í 6. tölul. 5. gr. laganna kemur: 10. og 11. tölul.
- 16. gr. orðast svo: Í stað orðanna „og 10. tölul.“ í 2. málsli. 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: 10. og 11. tölul.

9. Sala bújarðar

Deloitte fjallar um breytingartillögu 9. gr. frumvarpsins er varðar meðferð söluhagnað bújarða skv. 15. gr. tekjuskattslaga. Ekki er gerð athugasemd við breytingartillöguna en bent er á ósamræmi og ósamngirni í núverandi ákvæði/framkvæmd þegar búrekstur er rekinn innan sjálfstæðs lögaðila. Í þeim tilvikum þá sé ekki hægt að nýta lækkun söluhagnaðar á móti kaupverði íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Ráðuneytið telur ekki ástæðu á þessari stundu að gera breytingu í þá veru að láta heimildina ná jafnframt til þeirra sem stunda búskap innan lögaðila. Hér er um tvö mismunandi rekstrarform að ræða og því er ekki hægt að tala um eiginlega mismunun.

10. Upplýsingaskylda rekstraraðila stafrænna vettvanga

Skatturinn leggur til að orðunum „og seljendum vara og þjónustu“ verði bætt við skilgreiningu á stafrænum vettvangi. Ráðuneytið tekur undir tillöguna.

11. Styrkir til kaupa á hreinorkubifreiðum úr Orkusjóði

Í umsögn KPMG ehf. kemur fram að svo virðist sem vísað sé í rangan tölulið A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga í tillögu frumvarpsins sem undanþiggur styrki sem Orkusjóður veitir til hreinorkubílaeigenda skattskyldu á árinu 2024. Ætla verði að um misritun sé að ræða þar sem vísað er í 1. tölulið en ekki 2. tölulið A-liðar 7. gr. laganna sem kveður á um skattskyldu styrkja. Jafnframt verði ráðið að skattundanþággunni sé ætlað að ná til styrkja manna en ekki lögaðila. Það sé þó ekki nægilega skýrt og sama eigi við um þau skilyrði sem þurfi að uppfylla samkvæmt ákvæðinu. KPMG ehf. leggur til að 13. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Við lögum bættist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. A-liðar 7. gr. teljast ekki til skattskyldra tekna styrkir sem einstaklingar utan rekstrar hljóta til kaupa á hreinorkubifreiðum og veittir eru úr Orkusjóði á tímabilinu 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2024, sbr. lög nr. 76/2020.“

Ráðuneytið tekur undir tillögu KPMG ehf. og telur hana til bóta. Til stóð að vísa til 2. töluliðar A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga en sú tilvísun hefur misritast. Ákvæðið tekur einungis til „manna“ en telja verður skýrara að nota orðalagið „einstaklingar utan rekstrar“. Ráðuneytið leggur því til við efnahags- og viðskiptanefnd að ákvæði 13. gr. frumvarpsins taki þeim breytingum sem lagðar eru til í umsögn KPMG ehf. við frumvarpið.

Ekki þykir tilefni til að bregðast sérstaklega við öðrum umsögnum um frumvarpið.

Breytingatillögur

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leggur til eftirfarandi breytingatillögur við frumvarpið með vísan til meðfylgjandi skýringa:

1. Framlenging á bráðabirgðaákvæði búvörulaga um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis.

Gert er ráð fyrir eins árs framlengingu á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða EE búvörulaga, nr. 99/1993, þannig að það gildi út árið 2024. Í ákvæðinu er kveðið á um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis. Með framlengingunni er tryggt nægjanlegt framboð til hagsbóta fyrir neytendur, auk þess sem komið er í veg fyrir skortstöðu og dregið úr líkum á tímabundnum verðhækkunum vegna álagningar tolla í þeim tilvikum þegar innlent vöruframboð er ekki nægjanlegt. Breytingartillagan er unnin í samráði við matvælaráðuneytið.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

„Á eftir 25. gr. frumvarpsins kemur ný grein, svohljóðandi:

Í stað orðanna „2022 og 2023“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða EE í lögnum kemur: 2022, 2023 og 2024.“

2. Gistináttaskattur.

Hugtakið skemmtiferðaskip.

Líkt og greinir í kafla 3.1. í frumvarpinu er lagt til að gildissvið laganna verði víkkað þannig að þau taki til rekstraraðila skemmtiferðaskipa þegar skipin dvelja innan tollsvæðis ríkisins. Í athugasemdum við 1.-6. gr. frumvarpsins er að finna lýsingu á skemmtiferðaskipi. Þar segir að skemmtiferðaskip séu skip sem bjóða upp á flutningsþjónustu á sjó og eru eingöngu starfrækt í skemmti- eða tómstundarskyni. Orðalagið kann að valda þeim misskilningi að undir gildissvið laganna falli eingöngu skip sem eru ekki starfrækt í atvinnuskyni.

Til að fyrirbyggja slíkan misskilning vill ráðuneytið leggja áherslu á við efnahags- og viðskiptanefnd að með framangreindu orðlagi í frumvarpinu er átt við rekstraraðila skemmtiferðaskipa sem í atvinnuskyni bjóða farþegum sínum upp á siglingu í skemmti- og tómstundarskyni.

Lagaskil.

Til að taka af allan vafa um að ákvæði frumvarpsins taka til gistinátta sem afhentar verða frá gildistöku þeirra eða frá 1. janúar 2014 er lagt til:

Að í stað „seldar“ í 3. mgr. 28. gr. frumvarpsins komi: afhentar.

3. Efnahagsleg áhrif náttúruhamfara í Grindavík.

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Við II. kafla frumvarpsins bætast tvö ný ákvæði, svohljóðandi:

-- gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna náttúruhamfara í Grindavík telst sérstök eftirgjöf af vöxtum og verðbótum af skuldum manna utan atvinnurekstrar, vegna nóvember og desember 2023 og janúar 2024, af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003, og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum, ekki til skattskyldra tekna við álagningu opinberra gjalda á árunum 2024 og 2025. Skilyrði er að um sé að ræða vexti og verðbætur vegna áhvílandi lána á íbúðarhúsnæði. Ákvæðið gildir um eftirgjöf sem reiknast af allt að 50 millj. kr. lánsfjárhæð hjá einstaklingi, hjónum eða samsköttuðum og hlutfallslega sé lánsfjárhæð hærri. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd eftirgjafarinnar á grundvelli þessa ákvæðis.

Ákvæðið á ekki við gildi 3. tölul. 28. gr. um eftirgjöf skulda.

Við eftirgjöf vaxta og verðbóta samkvæmt ákvæði þessu skal kröfuhafa skylt að varðveita öll gögn sem forsendur eftirgjafarinnar eru byggðar á þannig að upplýsingaskyldu skv. 92. gr. verði sinnt. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Skýring.

Þrjár stærstu viðskiptabankar landsins hafa í samvinnu við Samtök fjármálafyrirtækja gert samkomulag um að fella niður vexti og verðbætur af skuldum vegna íbúðalána Grindvíkinga í nóvember og desember 2023 og janúar 2024. Samkomulagið gerir ráð fyrir því að niðurfellingin muni takmarkast við allt að 50 milljón króna lánsfjárhæð að hámarki. Undanþága frá skattskyldu takmarkast við vexti og verðbætur af lánum allt að 50 millj. kr. Sé um herra lán að ræða reiknast undanþágan hlutfallslega. Útfærslan á niðurfellingunni verður á forræði bankanna og takmarkar hún ekki að þeir geti veitt viðskiptavinum sínum frekari fyrirgreiðslu. Auk niðurfellingarinnar hafa viðskiptabankarnir boðið Grindvíkingum greiðsluskjól en í því felst frestun á öllum afborgunum á sínum íbúðalánum.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt teljast til skattskyldra tekna hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Tekjuákvæði laganna eru víðtæk og taka til hvers konar verðmæta sem metin verða til fjár, í hvaða formi sem slíkur tekjuauki fellur skattskyldum aðila í hlut. Undantekningar frá skattskyldu eru sérstaklega tilgreindar í lögumum og ber samkvæmt almennri lögskýringarreglu að túlka þær þröngt.

Í breytingartillögunni felst að sérstök eftirgjöf vaxta og verðbóta, af skuldum manna utan atvinnurekstrar, vegna nóvember og desember 2023 og janúar 2024, af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003, og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum, telst ekki til skattskyldra tekna við álagningu opinberra gjalda á árunum 2024 og 2025 að því gefnu að um sé að ræða vexti og verðbætur vegna áhvílandi lána á íbúðarhúsnæði. Ákvæðið gildir um eftirgjöf sem reiknast af allt að 50 millj. kr. lánsfjárhæð hjá einstaklingi, hjónum eða samsköttuðum og hlutfallslega sé lánsfjárhæð hærri. Ákvæðið á ekki við gildi 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga um eftirgjöf skulda við nauðasamninga, nauðasamninga til greiðsluáðlögunar eða í sérstökum tilvikum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum ákvæðisins. Gert er ráð fyrir því að kröfuhafi varðveiti öll gögn sem forsendur eftirgjafarinnar eru byggðar á og uppfylli þannig upplýsingaskyldu skv. 92. gr. tekjuskattslaga og skulu upplýsingar veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Að lokum er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um framkvæmd eftirgjafarinnar á grundvelli ákvæðisins.

-- gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. 112. gr. og 1. mgr. 114. gr. er ráðherra heimilt með reglugerð að ákvarða að á árinu 2024 megi lækka eða fella niður fyrirframgreiðslu gjaldenda upp í tekjuskatt sem lagður er á á því ári

vegna tekna ársins 2023 eða ákvarða aðra gjalddaga fyrirframgreiðslna en mælt er fyrir um í þeim ákvæðum vegna náttúruhamfara í Grindavík.

Skýring:

Vegna náttúruhamfara í Grindavík er lagt til að við lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, bætist ákvæði til bráðabirgða sem heimilar ráðherra að kveða á um niðurfellingu eða takmörkun á skyldu til fyrirframgreiðslu tekjuskatts á árinu 2024 fram að álagningu opinberra gjalda það ár vegna tekna ársins 2023. Nýti ráðherra heimildina mun tekjuskattur utan staðgreiðslu koma í auknum mæli eða alfarið til greiðslu á reglubundnum gjalddögum eftir almenna álagningu opinberra gjalda á árinu 2024.

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Við II. kafla frumvarpsins bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

-- gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. er launagreiðendum, sem eiga við verulega rekstrarörðugleika að stríða vegna skyndilegs og ófyrirséðs tekjufalls sem leiðir af almennum samdrætti vegna náttúruhamfara í Grindavík, heimilt að sækja um frestun á skilum á allt að þremur greiðslum af afdreginni staðgreiðslu af launum skv. 1. og 2. tölul. 5. gr., sem eru á gjalddaga 1. desember 2023 til og með 1. febrúar 2024. Gjalddagi og eindagi þeirra greiðslna sem frestað er að uppfylltum skilyrðum þessa ákvæðis er 15. apríl 2024.

Ef arði er úthlutað eða eigin hlutir keyptir á árinu 2023 eða úttekt eigenda innan ársins 2023 fer umfram reiknað endurgjald þeirra verður ekki fallist á að um verulega rekstrarörðugleika sé að ræða í skilningi þessa ákvæðis.

Skilyrði fyrir frestun greiðslu skv. 1. mgr. eru þau að launagreiðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga 31. ágúst 2023 og að álagðir skattar og gjöld byggist ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattsskýrslum til Skattsins, sl. þrjú ár eða síðan hann hóf starfsemi.

Beiðni um frestun á greiðslum skv. 1. mgr. felur eðli máls samkvæmt í sér skil á viðkomandi skilagreinum skv. 2. mgr. 20. gr. Umsókn launagreiðanda um frestun skal hafa borist í síðasta lagi á eindaga viðkomandi greiðslutímabils skv. 1. mgr. 20. gr. á því formi sem Skatturinn ákveður. Við afgreiðslu og endurskoðun umsóknar er auk þess heimilt að fara sérstaklega fram á að umsækjandi sýni með rökstuðningi og gögnum fram á að við verulega rekstrarörðugleika sé að glíma, svo sem með hliðsjón af lækkun á virðisaukaskattsskyldri veltu, og að skilyrði ákvæðisins fyrir frestun séu að öðru leyti uppfyllt. Heimilt er að hafna umsókn sé talið að skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Almenn afgreiðsla á greiðslufrestun sætir síðari endurskoðun og felur því ekki í sér staðfestingu á því að skilyrði hennar hafi á afgreiðsludegi verið uppfyllt.

Leiði síðari skoðun í ljós að skilyrði greiðslufrestunar hafi ekki verið til staðar skal launagreiðandi sæta álagi til viðbótar upphæð skilafjárins skv. 28. gr. í samræmi við upphaflega gjalddaga og eindaga hvers greiðslutímabils sem greiðslu var frestað fyrir. Launagreiðandi og forsvarsmenn hans skulu ekki sæta öðrum viðurlögum.

Ákvæði þetta á ekki við um staðgreiðsluskil opinberra aðila, þ.e. aðila sem fara með ríkis- eða sveitarstjórnarvald. Þá á ákvæðið ekki við um staðgreiðslu skatts samkvæmt lögum um fjársýsluskatt, nr. 165/2011.

Skýring (sameiginleg skýring með breytingu á staðgreiðslulögum og lögum um tryggingagjald):

Lagt er til að launagreiðendur sem eiga í tímabundnum rekstrarörðugleikum vegna tekjufalls sem leiðir af almennum samdrætti vegna náttúruhamfara í Grindavík, geti óskað eftir greiðslufresti á allt að þremur greiðslum í ríkissjóð á afdregnum skatti í staðgreiðslu og á tryggingagjaldi í staðgreiðslu sem falla munu í gjalddaga 1. desember 2023 til og með 1. febrúar 2024. Greiðslur sem frestað er falla í gjalddaga og eindaga 15. apríl 2024 enda hafi skilyrði frestunar verið til staðar.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Við IV. kafla frumvarpsins bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

-- gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóra er heimilt, samkvæmt tilmælum eða að höfðu samráði við ráðherra, að fella niður álag skv. 27. gr. á vangreiddan virðisaukaskatt, tímabundið eða ótímabundið, vegna uppgjörstímabila frá og með 1. september 2023 til og með 31. desember 2024, enda kunni utanaðkomandi eða óviðráðanleg atvik að hamla almennt greiðslu virðisaukaskatts á réttum tíma. Heimildin er bundin því skilyrði að virðisaukaskattsskyldur aðili hafi verið með skráð lögheimili og/eða skráða starfsstöð í Grindavíkurbæ hinn 10. nóvember 2023 og í lok þess uppgjörstímabils sem fellur undir tímabil niðurfellingar álags.

Skýring:

Í ljósi aðstæðna vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ er lagt til að á ótvíræðan hátt verði kveðið á um að ríkisskattstjóra skuli heimilt að fella niður álag vegna vanskila á virðisaukaskatti, sbr. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, samkvæmt tilmælum eða að höfðu samráði við ráðherra vegna uppgjörstímabila, sbr. 24. gr., frá og með 1. september 2023 til og með 31. desember 2024, enda kunni utanaðkomandi eða óviðráðanleg atvik að hamla almennt greiðslu virðisaukaskatts á réttum tíma. Samkvæmt ákvæði 27. gr. laganna skal aðili sæta 1% álagi fyrir þá fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern dag eftir gjalddaga en þó ekki hærra en 10%. Því er ljóst að miklir hagsmunir geta verið í húfi fyrir þá aðila sem ekki sjá fram á að geta staðið skil á virðisaukaskatti á gjalddaga þess uppgjörstímabils sem um ræðir, t.a.m. vegna rekstrarstöðvunar í kjölfar náttúruhamfaranna. Gert er að skilyrði að virðisaukaskattsskyldur aðili hafi verið með skráð lögheimili og/eða skráða starfsstöð í Grindavíkurbæ hinn 10. nóvember 2023 þegar bærinn var rýmdur vegna hamfaranna. Einnig er gert að skilyrði að virðisaukaskattsskyldur aðili hafi verið með skráð lögheimili og/eða skráða starfsstöð í Grindavíkurbæ í lok þess uppgjörstímabils sem fellur undir tímabil niðurfellingar álags. Augljóst er að náttúruhamfarirnar geta haft áhrif á öll fyrirtæki sem eru með starfsstöð innan bæjarmarka Grindavíkurbæjar og því er ákvæðinu einnig ætlað að taka til aðila sem eiga lögheimili annars staðar en þar ef skráð starfsstöð þeirra á virðisaukaskattsskrá (grunnskrá virðisaukaskatts) er innan bæjarmarkanna. Ákvæðinu er á sama hátt ekki ætlað að taka til fyrirtækja sem voru með lögheimili í Grindavíkurbæ á þessu tímabili en megin starfsstöð sína utan bæjarmarkanna.

Breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990.

Við frumvarpið bætist nýr kafli er breytir lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, ásamt nýju ákvæði, svohljóðandi:

-- gr.

Við lögum bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. er launagreiðendum, sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls, heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum á staðgreiðslu tryggingagjalds, sem eru á gjalddaga 1. desember 2023 til og með 1. febrúar 2024. Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestun tekur réttilega til er 15. apríl 2024.

Um skilyrði fyrir heimildum skv. 1. mgr., undanþágur og framkvæmd gildir að öðru leyti ákvæði til bráðabirgða XI í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Skýring (sameiginleg skýring með breytingu á staðgreiðslulögum og lögum um tryggingagjald):

Lagt er til að launagreiðendur sem eiga í tímabundnum rekstrarörðugleikum vegna tekjufalls sem leiðir af almennum samdrætti vegna náttúruhamfara í Grindavík, geti óskað eftir greiðslufresti á allt að þremur greiðslum í ríkissjóð á afdregnum skatti í staðgreiðslu og á tryggingagjaldi í staðgreiðslu sem falla munu í gjalddaga 1. desember 2023 til og með 1. febrúar 2024. Greiðslur sem frestað er falla í gjalddaga og eindaga 15. apríl 2024 enda hafi skilyrði frestunar verið til staðar.

Gert er ráð fyrir því að öll bráðabirgðaákvæðin öðlist þegar gildi.